

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Ástþór Matthíasson, Guðlaugur Gíslason, Tómas M. Guðjónsson, Síghvatur Bjarnason og Jónas Jónsson f. h. Sæfells h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Jóns Hjaltasonar f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Priðjudaginn 10. marz 1953.

Kærumálið nr. 3/1953.

Ingólfur Ketilsson

gegn

Guðfinnu Pétursdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun máls frá uppboðsrétti. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. f. m., sem hingað barst 13. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð uppboðsréttar Reykjavíkur 2. s. m., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaðilja var vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, málið dæmt að efni til og varnaraðilja gert að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ingólfur Ketilsson, greiði varnaraðilja,

Guðfinnu Pétursdóttur, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Með úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 27. maí 1950 var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að slitið yrði með opinberu uppboði sameign hans og varnaraðilja á húseigninni nr. 92 við Hringbraut, með því að unnt væri að skipta húsinu afnotaskiptum milli málsaðilja án verulegs kostnaðar. Úrskurður þessi stendur enn óhaggaður. Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, reisir sóknaraðili ekki kröfu sína fyrir uppboðsréttinum á því, að ástæður hafi breyttzt, að því er þetta atriði varðar, frá því að nefndur úrskurður var uppkveðinn. Með þessum forsendum er ég samþykkur niðurstöðu dómsatkvæðisins.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1953.

Með beiðni, dags. 6. júní síðastliðinn, krafðist uppboðsbeiðandi í máli þessu, Ingólfur Ketilsson, Hringbraut 92, hér í bænum, þess, að opinbert uppboð færi fram á húseigninni nr. 92 við Hringbraut, hér í bæ, sem hann eigi í sameign með Guðfinnu Pétursdóttur, er einnig býr í sama húsi.

Uppboðshaldari tilkynnti Guðfinnu Pétursdóttur þegar, að uppboðsbeiðni þessi væri fram komin, og áður en til auglýsingar kom, mótmælti hún framkvæmd uppboðsins og var ákveðið að taka atriðið til úrskurðar, áður en uppboðsauglýsing væri birt. Þann 16. júlí 1952 var mál þetta því næst tekið fyrir, og lagði uppboðsbeiðandi þá fram uppboðsbeiðni ásamt greinargerð. Þann 5. ágúst sama ár lagði varnaraðili fram greinargerð af sinni hálfu, þar sem hún krefst þess, að máli þessu verði vísað frá uppboðsréttinum ex officio eða eftir kröfu sinni, þar sem mál út af sama efni hafi áður verið rekið fyrir uppboðsréttinum og úrskurðað þar 27. maí 1950. Að visu hafi úrskurði þessum verið áfrýjað til Hæstaréttar, en málinu hafi verið vísað þar frá og standi því ákvæði úrskurðar uppboðsréttarins óröskuð sem endanlegt dómsorð um málefnið.

EKKI þótti fært að taka þegar til úrskurðar frávisunarkröfuna, og var því, eftir að árangurslaust hafði verið leitað um sættir í málinu, aðiljum veittur sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar og að munnlegum málflutningi um frávisunarkröfuna loknum, var atriðið tekið til úrskurðar 23. f. m.

Hafa aðiljar hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Í máli þessu hafa verið lagðar fram dómsgerðir í fyrra málinu milli sömu aðilja svo og viðbótarágríp af vitnaleiðslum, sem fram hafa farið í bæjarþingi Reykjavíkur, eftir að áminntur úrskurður uppboðsréttar

Reykjavíkur var kveðinn upp, og hafði þessa verið aflað til notkunar í hæstaréttarmálinu.

Eins og fram kemur í framlögðum dómssgerðum, ritaði Ingólfur Ketilsson, Hringbraut 92, hér í bænum, uppboðshaldaranum í Reykjavík bréf, dags. 23. ágúst 1949, þar sem hann krafðist þess, að húseignin nr. 92 við Hringbraut, hér í bæ, sem hann ætti í sameign með Guðfinnu Pétursdóttur, sama stað, yrði seld á opinberu uppboði til slita á sameign þeirra, og er ástæðan sú ein færð fram í beiðninni, að ágreiningur hafi risið milli aðilja um ráðstöfun eignarinnar, án þess að þar komi fram, í hverju sá ágreiningur sé fölginn.

Eftir að uppboðshaldara hafði borizt þetta bréf, tilkynnti hann Guðfinnu Pétursdóttur, að fram væri komin frá Ingólfi Ketilssyni beiðni um sölu á húseigninni Hringbraut 92, hér í bænum, til slita á sameigninni. Var henni jafnframt tilkynnt, hvenær auglýsing um uppboðið yrði send í Lögbirtingablaðið til birtingar og hvenær uppboðið færi fram, og var farið í því efni eftir lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 25. maí 1949, enda verður að fara um uppboð þessi, þar sem ágreiningur rís, eftir lögum um nauðungaruppboð.

Þessari tilkynningu skeytti varnaraðili ekki, en er uppboðið var tekið fyrir á eigninni sjálfri 7. nóvember 1949, lét hún mæta og mótmæla uppboðinu og var þá frestur veittur til greinargerðar og gagnaöflunar. Í greinargerð sinni í því máli kveður uppboðsbeiðandi, að munnlegt samkomulag hafi orðið milli aðilja, er þeir eignuðust húsið, þess efnis, að hann hefði afnot neðri hæðar hússins og eins herbergis í kjallara, en Guðfinna Pétursdóttir hefði afnot efri hæðarinnar og fengi leigu eftir kjallaraherbergið, en þó skyldu aðiljar hafa á efri hæðinni sameiginleg afnot af baði og salerni og auk þess sameiginleg afnot af þvottahúsi í kjallara og geymslum, göngum og stigum. Taldi uppboðsbeiðandi, að sameiginlegu afnotin hefðu í fyrstu farið friðsamlega fram, en er frá leið, hafi sambúðin farið að versna og hafi það verið baðið og salernið, sem sérstaklega hefði valdið ágreiningi.

Ekki þótti rétt að kveða upp úrskurð í máli þessu, fyrr en leitað hefði verið álitis dómkvaddra manna um það, hvort hægt væri að skipta eigninni milli aðilja, þannig að útiloka mætti hin sameiginlegu afnot, sem aðallega höfðu valdið ágreiningi á milli þeirra. Að fengnu álitni hinna dómkvöðdu manna, var kveðinn upp úrskurður, eins og áður segir, þann 27. maí 1950, og varð niðurstaðan sú, að neitað var um uppboðið. Í forsendum fyrir úrskurði þessum er neitun uppboðsins byggð á því, að samkvæmt skoðunargerð dómkvaddra manna sé hægt án verulegs kostnaðar að breyta húsinu þannig, að komizt verði hjá sameiginlegum afnotum af efri hæð hússins, sem ætla mátti að mestum árekstrum gæti valdið í sameigninni.

Ágreiningur sá, sem nú er uppi milli aðilja, er um sameiginleg afnot þeirra af efri hæðinni, enda segir svo í uppboðsbeiðninni, að aðalágreiningsefnið sé um afnot af svölum, baði og salerni, sem aðiljar eigi óskipt á efri hæð hússins.

Verður ekki talið, að hér sé um nýtt mál eða nýjar málsástæður að ræða, heldur endurtekning á því, sem áður er úrskurðað, og þykir því verða að vísa máli þessu frá uppboðsréttinum ex officio.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að uppboðsbeiðandi greiði varnaraðilja í málskostnað kr. 1000.00.

Því úrskurðast:

Máli þessu vísast frá uppboðsréttinum.

Uppboðsbeiðandi, Ingólfur Ketilsson, greiði varnaraðilja, Guðfinnu Pétursdóttur, kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. marz 1953.

Nr. 116/1952. **Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks Baldvinssonar** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Vagni E. Jónssyni (Einar Arnórsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamar Hæstaréttar.

Synjað um innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1952. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fégeta að taka úr vörzlum stefnda kr. 48089.09. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í Hæstarétti.

Þegar stefndi var krafinn greiðslu á fjárhæð þeirri, sem hann hafði í sínum vörzlum og í málinu greinir, vissi hann, að lánardrottinn Baldvins Kristinssonar áttu háar fjárkröfur á hendur honum og bjuggust til að leita fullnægju í nefndri dómsfjárhæð. Eins og högum Baldvins var háttað, hafði